

### 3. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 5. nóvember 2015 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ester Stefánsdóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, Ásdís Elva Helgadóttir, Erla Sigurðardóttir og Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með fáeinum breytingum.
2. Farið var yfir stöðu yfirferðar á lögum félagsins og útskýrði Jóhanna að þörf sé á efnislegum breytingum þeirra og þar með sé tilefni til að leggja formlega tillögur að breytingum fyrir næsta aðalfund. Drög að breytingum verða send á stjórn sem mun fara yfir og koma með athugasemdir fram að næsta fundi, breytingatillögur verða í framhaldi unnar í því miði að leggja fyrir aðalfund.
3. Rætt var um kynningarbréf til foreldra og efnislega byggingu þess. Ákveðið var að leggja áherslu á að félagið stuðlar að uppfærðslu og góðu fordæmi á jákvæðum forsendum og í góðu samstarfi við Huginn og foreldra.
4. Rætt var um skipulagningu málþings Hugins og FORMA. Málþinginu var frestað í október vegna vanda sem upp kom í skipulagningu. Lagt var til að dagskránni yrði skipt í tvær upptökur sem yrðu þá hagnlegri að tímalengd auk þess sem atriði Hugins myndi þá fá að njóta sín betur. Ákveðið var að stefna að því að hafa tvö málþing, annarsvegar í febrúar og hinsvegar í apríl og leggja það til við Huginn. Hugmyndir að dagsetningum eru: 11. eða 18 feb. fyrir neteinelti og Gulla og 7. apríl fyrir Jón Jónsson. Einnig var rætt um veitingar á málfundum og lagt til að FORMA greiði fyrir veitingar og Huginn hafa umsjón með að bera þær á borð.
5. Rætt var um skoðun gæðamats og fageinkunna skólans og hvernig stjórn getur verið upplýst um þau mál. Stjórn mun lesa yfir skýrslur innra mats skólans fram að næsta fundi og ræða málið í framhaldi.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. des. kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.